

# Samfélags- og náttúrugreinar 2. bekkur

Kennarar: Edda Guðrún Valdimarsdóttir; Sigrún Antonisdóttir

2

Skólaárið

2023 - 2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrufræði er lögð áhersla á þemanám og að samþætta námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, samvinnu, umræður, frásagnir, myndverk, ritun, framsögn og vettvangsferðir/útikennslu. Í lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina "Uppeldi til ábyrgðar" og "Vaxandi hugarfar". Unnið er með jákvæðan bekkjaranda, hlutverk nemenda og annarra, þarfnar og bekkjarsáttmáli gerður. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða leiðir í samskiptum. Unnið með vináttuverkefni Barnaheilla - Blær bangsi.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - september : " Uppeldi til ábyrgðar" unnið með þarfir og gildi. Nemendur og kennari vinna saman að gerð bekkjarsáttmála.

Október - nóvember : Komdu og skoðuðu fjöllin/eldfjöllin.

Nóvember :Komdu og skoðuðu bílinn.

Desember : nemendur læra vísurnar um íslensku jólasveinana e. Jóhannes úr Kötlum. Í tengslum við það er m.a. lögð áhersla á framsögn og leikræna tjáningu. Verkefninu lýkur með sýningu fyrir foreldra og aðra nemendur.

Janúar - febrúar : " Örkin hans Nóa" unnið eftir söguramma.

Mars - maí : Komdu og skoðuðu land og þjóð. Margæsardagur. Útikennsla.

Bekkjjarfundir vikulega og oftast eftir þörfum þar sem unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar og Vináttuverkefni Barnaheilla.

## Námsaðlögun

Námið er aðlagð að þörfum einstakra nemenda með því að hafa námsefnið meira myndrænt og gefa nemandanum tækifæri á að segja frá því sem hann hefur lært.

## Námsmat

Nemendur gera sjálfsmat á eigin frammistöðu með tilliti til áhuga, virkni, samvinnu og vinnusemi. Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat kennara. Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti, þ.e. hver og einn fær að tjá sig um hvernig vikan hefur gengið.

## Námsgögn

Komdu og skoðuðu fjöllin. Komdu og skoðuðu eldfjöll. Komdu og skoðuðu bílinn. Örkin hans Nóa - söguramma. Komdu og skoðuðu land og þjóð. Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum.

### AS Náttúrugreinar 2. bekkur 2019 - 2024 - Geta til aðgerða

- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægrar umgengni

### AS Náttúrugreinar 2. bekkur 2019 - 2024 - Að búa á jörðinni

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum

### AS Samfélagsgreinar 2. bekkur 2019 - 2024 - Reynsluheimur

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- unnið með aldursamsvarandi hugtök tengd samfélags og náttúrufræðivísindum. Áttað sig á hvernig nærumhverfið er samsett með tilliti til náttúru, sögu og samfélagslegra gilda þessu tengt

### AS Samfélagsgreinar 2. bekkur 2019 - 2024 - Félagsheimur

- útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti